

Stjórnarfundur FEB nr. 462 þriðjudaginn 31. ágúst 2021 kl. 14:40

að Stangarhyl 4, Reykjavík

Mættir aðalmenn; Ingibjörg Sverrisdóttir, Sigurbjörg Gísladóttir, Kári Jónasson, Ingibjörg Óskarsdóttir og Geir A. Guðsteinsson.

Mættir varamenn; Halldór Frímannsson, Finnur Birgisson og Kolbrún Stefánsdóttir. Auk þess sat fundinn Dýrleif Guðjónsdóttir framkvæmdastjóri.

Fjarstaddir; aðalmenn Viðar Eggertsson og Ólafur Örn Ingólfsson.

Dagskrá:

- 1. Fundargerð stjórnarfundar 8. júní 2021 samþykkt.**
- 2. GRÁI HERINN**
 - a) Grái herinn var upphaflega stofnaður af FEB. Nauðsynlegt er að skrá nafnið Grái herinn hjá Fyrirtækjaskrá Skattsins með sér kennitölu og að tengja hann Landssambandi eldri borgara.
 - b) Aðalmeðferð málssóknar Gráa hersins gegn íslenskra ríkinu fer fram 5. október 2021.
- 3. ÖLDUNGARÁÐ VR**

Umræður á vegum öldungaráðs VR verða á sjónvarpsstöðinni Hringbraut innan tíðar undir stjórn Sigmundar Ernis Rúnarssonar. Formaður FEB tekur þátt í umræðunum ásamt fleirum fulltrúum sem sinna málefnum eldra fólks.
- 4. FUNDUR FÓLKSINS**

Fundur Fólksins verður haldinn í Norræna húsinu og í beinu streymi þann 3. – 4. september nk. þar sem rædd verða m.a. samtal kynslóðanna, almannuheill, umhverfismál, kynamisrétti, réttlátara samfélög og margt fleira. Öllum er frjáls aðgangur.
- 5. HÚSNÆÐISNEFND**

Húsnaðisnefnd hefur verið að störfum í sumar og mun halda áfram næstu vikur og mánuði að kynna sér möguleika á mismunandi búsetuformi fyrir eldra fólk.
- 6. ALPINGISKOSNINGAR**

Vakin er athygli þeirra sem vilja skrifa greinar í blöð og tímarit um pólitísk málefni að myndast getur mikil örtröð þegar nálgast tekur kjördaginn. 25. september 2021.

10/8
SÍK
JF

7. HÓLABERG 84

Stjórn FEB fjallaði um þinglýstar kvaðir sem hvíla á íbúðum að Hólabergi 84 í Breiðholti og áréttar að þær standi óbreyttar.

8. BIFRÖST – NÁMSKEIÐ

Stjórnendur Bifrastar hafa komið að máli við stjórnendur FEB varðandi hugmyndir að námskeiðum fyrir eldra fólk með mismunandi þenum t.d. tungumál og menningu er tengast Spáni. Gert er ráð fyrir nokkurra daga námskeiðum þar sem aðstaðan að Bifröst verður nýtt. Viðbrögð FEB eru jákvæð og er málið í skoðun.

9. FRÉTTIR AF STARFSEMI FEB

Farnar hafa verið átta FEB ferðir innanlands í sumar með allt að 300 manna þátttöku í heild. Eftir er að fara eina ferð nú í september en það er haustlitaferðin í Borgarfjörð sem er nú þegar uppbókuð.

Mikil þátttaka var á námskeiðum sem FEB bauð upp á í sumar í samvinnu með Reykjavíkurborg og komust færri að en vildu. Stefnt er að áframhaldandi samvinnu með Reykjavíkurborg í vetur.

Vegna aukinna umsvifa á skrifstofu FEB var ráðinn starfsmaður á skrifstofu FEB í vor með stuðningi Vinnumálastofnunar og hefur það reynst mjög farsælt.

10. NÆSTI STJÓRNARFUNDUR

Dagsetning næsta stjórnarfundar verður ákveðin síðar með fundarboði sem og ákvörðun um dagsetningu vinnufundar stjórnar FEB.

Engibjörn H. Sævarsson
Geir A. Guðsteinsson
Sigurður Ólafsson Guðmundsson
Jóhann Þorvaldsson
Kolbeinn Þorvaldsson
Hannvar Birgisson

Fundi slitið kl. 18:25

Fundargerð ritaði Geir A. Guðsteinsson